



## RÍKISLÖGMAÐUR

Hverfisgötu 6 4. hæð 150 Reykjavík

sími: 545 8490 bréfasími: 562 9280

kennitala: 600186 1759

# Ársskýrsla embættis ríkislögmans 2011

## I. Inngangur

Samkvæmt reglugerð um ársskýrslu ríkislögmans sem forsætisráðuneytið gaf út þann 22. janúar 2008 skal embætti ríkislögmans árlega senda ráðherra skýrslu þar sem gefið er yfirlit yfir megin þætti í starfsemi embættisins. Reglugerð þessi var sett með heimild í 4. gr. laga um ríkislögmenn nr. 51/1985, með síðari breytingum.

## II. Starfsemi embættisins

Ársskýrsla þessi er fjórða ársskýrsla embættis ríkislögmans og tekur til starfsemi embættisins fyrir árið 2011.

Embætti ríkislögmans starfar samkvæmt lögum um ríkislögmenn nr. 51/1985, með síðari breytingum, eins og fyrr er nefnt. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986. Embætti ríkislögmans er sjálfstæð stofnun og heyrir samkvæmt lögum undir stjórnarráðið. Verkefni embættisins eru þannig skilgreind í lögum:


1. Uppgjör bótaskrafa sem beint er að ríkissjóði.
2. Lögfræðilegar álitserðir samkvæmt ákvörðun ráðherra og aðstoð við vandasama sammingsgerð.
3. Embættið fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

Hjá embætti ríkislögmans störfuðu sex starfsmenn í lok árs 2011, en skipaður ríkislögmaður var í veikindaleyfi. Þar af voru 3 lögmenn, einn ritari og undirritaður settur ríkislögmaður uns hann var skipaður í septembermánuði.

Á árinu 2011 var fjárheimild embættis ríkislögmans 61.600.000 kr., en fjárlög gerðu einnig ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 5.900.000 kr. Rekstur embættisins á árinu 2011 var innan fjárheimilda ársins. Fjárveiting til embættisins vegna ársins 2012 er 64.400.000 kr. og sértekjur áætlaðar 6.200.000 kr. Embættið hefur undanfarin ár reitt sig á flutning fjárheimilda milli ára og þannig náð að halda sig innan heimilda. Að öðru leyti er gerð grein fyrir rekstri og efnahag í ársreikningi. Unnið er að því í samráði við forsætisráðuneytið að halda eldri heimildum áfram svo sem nokkur kostur er og óska eftir auknum fjárveitingum til framtíðar þannig að fjórir lögmenn í fullu starfi sinni verkefnum auk ríkislögmans.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust ríkislögmanni á árinu 2011. Auk þess er yfirlit yfir óafgreidd mál hjá embættinu miðað við 31. desember 2010. Síðan er yfirlit yfir afgreidd mál á árinu 2011 og stöðu óafgreiddra mála þann 31. desember 2011.

	Óafgreitt 31.12.2010	Ný mál 2011	Afgreidd mál 2011	Óafgreitt 31.12.2011
<b>Dómsmál</b>	<b>114</b>	<b>101</b>	<b>104</b>	<b>111</b>
<b>Bótakröfur</b>	<b>54</b>	<b>92</b>	<b>94</b>	<b>52</b>
<b>Erindi</b>	<b>22</b>	<b>40</b>	<b>25</b>	<b>37</b>
<b>Tryggingabætur</b>	<b>9</b>	<b>80</b>	<b>75</b>	<b>14</b>
<b>Ýmislegt</b>	<b>3</b>	<b>14</b>	<b>11</b>	<b>6</b>
<b>Samtals</b>	<b>202</b>	<b>327</b>	<b>309</b>	<b>220</b>



Samkvæmt framansögðu bárust embættinu 327 ný mál á árinu 2011. Fyrir voru samtals 202 óafgreidd mál í lok árs 2010. 310 málum var endanlega lokið á árinu 2011 og voru 220 mál óafgreidd í lok ársins.

Af nýjum málum á árinu 2011 voru 101 dómsmál. Af þeim voru 75 rekin fyrir héraðsdómi, 22 fyrir Hæstarétti og 4 fyrir Félagsdómi. Bótakröfur voru 93, erindi/álitsgerðir 40, tryggingabótakröfur 79 og önnur mál 14.

Á árinu 2011 voru afgreidd samtals 310 mál, eins og áður sagði. Þar af voru 104 dómsmál, 94 bótakröfur, 25 erindi/álitsgerðir, 75 tryggingabótakröfur og 11 önnur mál.

Um síðustu áramót voru ódæmd 111 dómsmál, 52 bótakröfur voru óafgreiddar, 37 erindi/álitsgerðir, 14 tryggingabótakröfur og 6 önnur mál.

### III. Töluleg sundurliðun verkefna 2011

Ný dómsmál á árinu 2011 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

		Hæsta- réttarmál	Héraðs- dómsmál	Félags- dómsmál
<b>Dómsmál:</b>				
1	Almennt		1	
2	Eignarréttur	1		
3	Félagsdómsmál			4
4	Innflytjendur, dvalarleyfi			
5	Stjórn fiskveiða	3	4	
6	Landbúnaðarmál			
7	Skaðabótamál:			
	~Almenn	6	11	
	~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna		5	
	~Athafnir stjórnvalda	2	3	
	~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	1	16	
	~Skaðabætur vegna bankahruns	2	1	
8	Skattamál		9	
9	Starfsmannaréttur:			
	~Almenn		1	
	~Brottvikning úr starfi / tilfærsla	1	1	
	~Vangreidd laun	1	3	
	~Áminning í starfi	1		
	~Niðurlagning stöðu		2	
	~skaðabótaskylda skv. gr. 7.1.6		1	
10	Stjórnsýsla	3	12	
11	Útboðsmál	1	2	
12	Til réttargæslu		2	
13	Jafnréttismál		1	
	<i>Samtals</i>	<i>22</i>	<i>75</i>	<i>4</i>

Nýjar bótakröfur á árinu 2011 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

<b>Bótakröfur:</b>	
1	Skaðabætur:
	~Almennar skaðabætur
	~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna
	~Skaðabætur skv. lögreglulögum
	~Athafnir stjórnvalda
	~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.
2	Starfsmannaréttur:
	~Almenn
3	Stjórnsýsla
4	Aðfararmál
5	Þinglýsingar
	<i>Samtals</i>
	<i>89</i>

Nýjar tryggingabótakröfur á árinu 2011 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

<b>Tryggingabætur:</b>		
Tryggingabætur skv.		
1	kjarasamningi	
	~almennt	75
	~tilkynningar	1
	~skaðabótaskylda skv. gr. 7.1.6	4
	<i>Samtals</i>	<i>80</i>

Ný erindi á árinu 2010 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

<b>Erindi / álitserðir:</b>		
1	Almenn erindi	24
2	Álitserðir	
	~almennt	6
	~tengdar bankahrúni	2
3	Dómkvaðning matsmanna	4
4	Umsagnir	3
5	Endurupptaka	1
	<i>Samtals</i>	<i>40</i>

Önnur mál:

<b>Ýmislegt:</b>		
1	Ýmis mál	14
		<i>14</i>

Reykjavík, september 2012

Einar Karl Hallvarðsson hrl.